



Fundur fjallskiladeildar Holtamannafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi mánudaginn 22. ágúst 2022 kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Karl Ölvisson, Óskar Ólafsson, Sævar Jónsson.
og Ragnheiður Árbjörg Ólafsdóttir er ritar fundargerð, Kristín Hreinsdóttir í fjarveru Arnar
Ingvarssonar.

Dagskrá fundar:

1. Kosning formans.

Ísleifur Jónasson gefur kost á sér til áframhaldandi formennsku.

Samþykkt samhljóða

2. Ákvörðun um réttardag.

Gerð er tillaga að réttir fari fram í Haldi og á Þóristungum 11. september 2022 og hefjast kl 9:00.

Stemmt er að seinni leitum í 39 viku.

Samþykkt samhljóða

3. Ákvörðun um leitarstjórn.

Gerð er tillaga um að á Búðarhálsi verði leitarstjóar Ísleifur Jónasson í fyrstu leit og Tyrfingur Sveinsson í seinni leitum.

Á Þóristungum verði leitarstjóri Karl Ölvisson.

Leitarstjórum er falið að halda til haga upplýsingum um fjölda fullorðinna kinda og senda á skrifstofu Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða

4. Ákvörðun um laun og þóknanir vegna fjallferða.

Umsjón með leitum	31.000 kr.	á leit.
Matráður	22.300 kr.	á dag.
Fjallmaður	12.800 kr.	á dag.
Fjór hjól	18.700 kr.	á dag.
Hestur	1.150 kr.	á dag.
Fæði	8.700 kr.	á dag.
Bíll	121 kr.	á km.

Tryggingar fjór hjóla eru á ábyrgð eigenda.

Samþykkt samhljóða

Fundi slitið 16:20

Ísleifur Jónasson
Kristín Hreinsdóttir
Sævar Jónsson
Óskar Ólafsson
Karl Ölvisson
Ragnheiður Árbjörg Ólafsdóttir